

Vinnureglur og ferlar þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar 3.0 frá 14. ágúst 2023

Hlutverk framkvæmdanefndar er:

1. að fylgja eftir ákvörðunum og áætlunum kirkjuþings,
2. að hafa eftirlit með að allir þættir starfseminnar séu í samræmi við markmið og áætlanir,
3. tryggja að skýrt umboð fylgi ákvörðunum.

1. Framkvæmdastjóri boðar fasta fundi framkvæmdanefndar í umboði formanns. Fastir fundir eru að jafnaði 1. og 3. mánudag hvers mánaðar.

2. Dagskrá fastra funda er send með fundarboði. Formaður og framkvæmdastjóri setja sama dagskrá fastra funda. Fastir fundarliðir skulu vera:

- 2.1 Rekstur þjónustumiðstöðvar
- 2.2 Fjármál Þjóðkirkjunnar
- 2.3 Framkvæmd verkefna
- 2.4 Biskupsstofa
- 2.5 Önnur mál

Skrifstofustjóri Biskupsstofu skal sitja fundi framkvæmdanefndar þegar mál 2.1-2.4 eru rædd á fyrri fundi hvers mánaðar.

3. Boða skal biskup Íslands og forseta kirkjuþings á síðari fasta fundi hvers mánaðar.

4. Skuldbindingar sem bundnar eru fjárhagsáætlun og snýr að mannráðningum og launum skal teljast bindandi þegar bæði biskupsstofa og rekstrarstofa hafa veitt samþykki sitt. Þegar einn hættir starfi, þá þurfi bæði biskupsstofa og rekstrarstofa að koma að því hvort starfið sé sett á eða ekki og eins hvað fylgir starfinu sem ráða á í.